

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 54/2025

2025/EES/38/12

frá 14. mars 2025

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2682 frá 16. október 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar nákvæma skilgreiningu á nýfæðinu sveppadufti með D2-vítamíni ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2694 frá 17. október 2024 um leyfi til að setja á markað magnesíum-L-þreónat sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 ⁽²⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L, 2024/90741, 18.11.2024.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 124b (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470):

„– **32024 R 2682:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2682 frá 16. október 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2682, 17.10.2024),

– **32024 R 2694:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2694 frá 17. október 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2694, 18.10.2024), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L, 2024/90741, 18.11.2024.“
2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 245. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2851):

„246. **32024 R 2694:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2694 frá 17. október 2024 um leyfi til að setja á markað magnesíum-L-þreónat sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L, 2024/2694, 18.10.2024), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið ESB L, 2024/90741, 18.11.2024.“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2682, 17.10.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2682/oj⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2694, 18.10.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2694/oj

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2024/2682 og (ESB) 2024/2694, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L, 2024/90741, 18.11.2024, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. mars 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. mars 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.